



ark og fólks



elsta muninn á sýningunni er Amundi Jónsson, smiður. Hann var fæddur 1738, en altariстаfla hans er frá árinu 1792. Unglingurinn í hópnum er hinsvegar Sæmundur Valdimarsson, fæddur 1918, og sýnir tvö verk, sem unnin eru í tré og ýsuröð.

Alls sýna 32 menn ýmiss konar málarakunst og handmenntir, og óhætt er að segja að sýningin sé afar fjölbreytt — og ekki má gleyma videósýningunni í fundarsal Kjarvalsstaða, en þar eru sýnd vinnubrögð og starfshættir margs fólks víðs vegar að af landinu, en upptökurnar áttu sér allar stað heima hjá því fólki, sem tekið er til sýningar og viðtals, en það fólk á jafnframt muni á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

Samfelldur sýningartími video-upptökunnar er þrjár klukkustundir, en sá tími skiptist niður í 20 sjálfstæðar upptökur, þar sem sýndir eru og spjallað er við m.a. þrónakonur, tré- og málmismiði, bátismiði, útskurðarmenn, rennismiði, jurtafitunarkonu og marga, marga fleiri.


En það gerist fleira innan veggja Kjarvalsstaða í tengslum við sýningu í tilefni árs aldræðra, en hér hefur þegar verið rakið. Auk hefðbundinnar myndlistasýningar og videósýningar á handmenntun hefur þar einnig verið haldin síðdegisvaka, sem landsamtökin Líf og Land stóðu fyrir, og er hér í opnunni greint frá henni. Og þá eru ótalin Málþingin, sem Samband lífeyrisþega ríkis og bæja (SLRB) stendur að.

Og síðast en ekki sist hanga uppi teikningar barna úr teikni-myndasamkeppni, sem Rauði

kross Islands efndi til fyrr á þessu ári, og er verðlaunamyndin, eftir Svein Kristin Ögmundsson, 6 ára, prentuð á veggspjald, sem gefið er út í tilefni sýningarinnar og á forsiðu sýningarskrár.

Það er því ljóst, að margt er um að vera á Kjarvalsstöðum þessa dagana, og vist er margt vílausara en að eyða þar stund — á tímum hraða og tækni.

— jsj.




Þetta reiðhjól Sigurðar Filipussonar frá Hólabrekku í Austur-Skaftafellssýslu er orðið vel þekkt eftir sjónvarpskvikmynd Friðriks Friðrikssonar um Eldsmiðinn.

Ingibjörg Tryggvadóttir frá Húsavík sýnir, hvað hægt er að gera með jurtafitum, en á Kjarvalsstöðum má sjá bönd í fegurstu litabrigðum. Ef innfellda myndin prentast vel, má sjá mismunandi sterka liti í sama bognum.



Sigurður Magnússon flutti erindi um æsku og elli í breyttum þjóðfélagsháttum. (Ljósmynd. ast)



Jóhanna Jóhannesdóttir sýnir listavel þrjónuð langsöl og hyrnur úr handunnu þelbandi.